

2023
2. hluti

Börn og netmiðlar

Kynferðisleg komment
og nektarmyndir



FJÖLMIÐLANEYND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN

Börn og netmiðlar

2. hluti - Kynferðisleg komment og nektarmyndir

Maí 2024

Fjölmiðlanefnd

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

ISBN: 978-9935-468-36-9

<https://doi.org/10.33112/WSDB4385>

Mynd á forsíðu: Freepik.es

INNGANGSORÐ	4
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
FRAMKVÆMD	6
ÞÁTTTAKENDUR	7
HÓTANIR	8
Áreiti á netinu, farsíma eða í tölvuleikjum	
Mynd 2.1. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi...	8
Mynd 2.2. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi...	9
Mynd 2.3. Hvað gerðir þú þegar einhver birti mynd af þér sem þér leiddist.	10
Mynd 2.4. Hvernig brástu við síðast þegar einhver setti inn leiðinlegt komment um þig á netinu, í tölvuleik eða á samfélagsmiðlum?	11
Mynd 2.5. Hefur þú undanfarið ár fengið kynferðislegt komment á netinu ?	12
Mynd 2.6. Hefur þú undanfarið ár fengið kynferðislegt komment á netinu ?	12
KYNFERÐISLEG ÁREITNI	12
Kynferðisleg komment á netinu	
Mynd 2.7. Hver hefur sent þér kynferðislegt komment?	13
Mynd 2.8. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvernig upplifðir þú það?	14
Mynd 2.9. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvað gerðir þú?	15
Mynd 2.10. Hefur þér verið send nektarmynd (til dæmis typpamynd)?	16
Mynd 2.11. Hlutfall sem hefur fengið senda nektarmynd.	16
NEKTARMYNDIR	16
Deiling nektarmynda á netinu	
Mynd 2.12. Hver hefur sent þér nektarmyndir?	17
Mynd 2.13. Hefur einhver beðið þig um nektarmynd af þér?	18
Mynd 2.14. Hver hefur beðið þig um nektarmynd af þér?	18
Mynd 2.15. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd af þér undanfarið ár?	19
Mynd 2.16. Hefur þú einhvern tíma fengið borgað fyrir að deila eða senda nektarmynd af þér?	19
Mynd 2.17. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd eða nektarmyndbandi af öðrum en þér undanfarið ár?	20

Forsenda þess að hægt sé að þróa og bjóða upp á vandaða fræðslu fyrir börn og ungmenni er að gerðar séu kannanir með reglubundnum hætti á því hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Í síbreytilegum tækniheimi breytist notkun ört, sumir miðlar detta út og aðrir þróast og breytast. Með endurteknum rannsóknum er hægt að fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun samfélagsmiðla og nýta þær upplýsingar í fræðslu- og kynningarefni.

Á árinu 2021 var fyrsta rannsókn Fjölmiðlanefndar gerð í samstarfi við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Það samstarf hefur reynst afar farsælt. Þá var ákveðið að leggja fyrir víðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í nokkrum hlutum og vöktu þær talsverða athygli þegar þær voru birtar.

Fjölmiðlanefnd hefur nú aftur fengið Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að leggja fyrir samskonar könnun. Hún byggir að mestu leyti á spurningum fyrri könnunar, auk þess sem búið er að bæta við fleiri spurningum, m.a. um líðan og áhættuhegðun ungs fólks. Könnunin sem framkvæmd var árið 2021 byggði á rannsókn sem upphaflega var unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet. Að þessu sinni voru nokkrar spurningar teknar út og öðrum bætt við. Reynt var að finna jafnvægi milli þess að fylgja eftir spurningum sem yrðu samanburðarhæfar milli ára og að bæta við nýjum spurningum í takti við breytta notkun barna og ungmenna.


Jafnframt var ákveðið að hafa spurningalistann á íslensku, ensku og pólsku til að ná til þeirra barna sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Um síðustu áramót voru 16,6% landsmanna erlendir ríkisborgarar, þar sem Pólverjar eru langfjölmennastir, eða rúmlega þriðjungur allra erlendra ríkisborgara. Mikilvægt er að ná til sem flestra barna og ungmenna, einnig þeirra sem ekki eru með íslensku að móðurmáli til að fá heildarsýn yfir málaflokkinn.

Í byrjun árs 2024 færðist umsjón með framkvæmd SAFT-verkefnisins frá Heimili og skóla til Fjölmiðlanefndar. SAFT er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og ungmenna á Íslandi. Þar sem Fjölmiðlanefnd hefur það lögbundna hlutverk að efla miðla- og upplýsingalæsi allra landsmanna á verkefnið vel heima hjá nefndinni. Þetta fyrirkomulag samræmist þeim áherslum sem mótaðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum, að opinberar stofnanir sinni bæði rannsóknum og fræðslustarfi í miðla- og upplýsingalæsi. Niðurstöður þessarar könnunar munu því nýtast vel í því fræðslustarfi sem sinnt er undir merkjum SAFT, nú Netöryggismiðstöðvar Íslands.

Áfram verður tryggt að skólar, fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Vonast er til að niðurstöður könnunarinnar verði uppspretta frekari kannana og rannsókna á þessu sviði.


Elfa Ýr Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar




EINELTI Á NETINU

15% nemenda í grunnskóla og **11%** í framhaldsskóla hafa upplifað að einhver hafi lagt þá í **einelti eða verið vondur við þá á netinu** oftar en einu sinni.




KYNFERÐISLEG KOMMENT

12% nemenda í 7. - 10. bekk og **29%** í framhaldsskóla hafa fengið **kynferðislegt komment** á netinu. Flest kommentin eru frá **ókunnugum**.



NEKTARMYNDIR MÓTTEKNAR

20% nemenda í 8. - 10. bekk og **51%** í framhaldsskóla hafa fengið sendar nektarmyndir. Flestar myndirnar eru frá **ókunnugum** á netinu.



NEKTARMYNDIR SENDAR

5% nemenda í 8. - 10. bekk og **18%** í framhaldsskóla hafa **sent nektarmynd** af sér s.l. ár.



Strákar Stelpur

Hlutfall af heild Skilyrt birting

Í þessari skýrslu eru birtar helstu niðurstöður könnunarinnar Börn og netmiðlar sem framkvæmd var seint á haustmisseri 2023. Könnunin náði til nemenda í grunn- og framhaldsskólum um land allt. Í fyrstu fyrirlögn 2021 var grunnur spurningalistans byggður á rannsókn norsku fjölmiðla-nefndarinnar Barn og media, en var að hluta til endurbættur í þessari umferð. Spurningalistinn var sendur til umsagnar Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 6.489 nemendur þátt, þar af voru 4.562 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 1.927 framhaldsskólanemar. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 53 af 60 boðuðum skólum. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum.

Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 25 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og þátttöku í könnuninni hafði ekki verið hafnað. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir þátttakendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu lengri spurningalista með fleiri efnisflokkum.

Tímabil fyriragnar var frá lokum október og fram í miðjan nóvember 2023. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldsskólanema var vigtað eftir kyni og landssvæði.

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

GRUNNSKÓLI

Bekkir	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
4. bekkur	281	46,1	300	49,3	8	1,3	20	3,3
5. bekkur	294	48,3	297	48,8	4	0,7	14	2,3
6. bekkur	282	46,4	308	50,7	6	1,0	12	2,0
7. bekkur	307	51,0	277	46,0	4	0,7	14	2,3
8. bekkur	424	53,0	356	44,5	9	1,1	11	1,4
9. bekkur	388	49,9	370	47,6	7	0,9	13	1,7
10. bekkur	371	52,8	307	43,7	7	1,0	18	2,6

FRAMHALDSSKÓLI

Aldur	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
<15 ára	4	26,7	8	53,3	2	13,3	1	6,7
15 ára	55	37,9	89	61,4	1	0,7		
16 ára	323	36,4	540	60,9	11	1,2	13	1,5
17 ára	205	30,2	450	66,4	16	2,4	7	1,0
18 ára	77	29,6	176	67,7			7	2,7


ÁREITI Á NETINU, Í FARSÍMA EÐA Í TÖLVULEIKJUM

Í könnuninni var grennslast fyrir um hlutfall barna og ungmenna sem fá hótanir á netinu, í farsíma eða tölvuleikjum og hvernig þau brugðust við slíku áreiti.


Mynd 2.1. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi...

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


a) Verið vondur við þig eða lagt þig í einelti á netinu, í símanum eða tölvuleikjum?




b) Skrifað ljótt komment til þín á netinu, í tölvuleik eða á samfélagsmiðlum?




c) Hótað þér á netinu, í símanum eða í tölvuleikjum?



d) Birt myndir af þér sem þér leiddist eða reitti þig til reiði?



e) Útilokað þig frá hóp á netinu eða ekki leyft þér að taka þátt?



■ Já, oft
 ■ Já, stundum
 ■ Já, einu sinni
 ■ Nei, aldrei
 ■ Veit ekki / Vil ekki svara

Á mynd 2.1 má sjá að meirihluti barna og unglinga hefur ekki orðið fyrir hótunum eða áreiti á netinu eins og er spurt er um í liðum a til e.

Í yngsta aldurhópnum, 4. – 7. bekk var algengasta áreitið (15%) að einhver hafi verið vondur við þau eða lagt í einelti á netinu, í símanum eða tölvuleikjum, liður a. Aðeins lægra hlutfall (14%) upplifði að hafa verið útilokaður frá hópum á netinu, liður e.


Á unglingastigi var algengasta áreitið að hafa fengið ljót komment á netinu og í tölvuleikjum oft eða stundum (15%), liður b. Litlu færri (14%) höfðu upplifað að einhver hafi verið vondur við þau og lagt í einelti, liður a.

Meðal framhaldsskólanema var einnig algengast að hafa fengið ljót komment á netinu eða í tölvuleik eða á samfélagsmiðlum (15%), liður b. Næstalgengast (14%) var að hafa upplifað að birtar hafi verið af þeim myndir sem þeim leiddist eða reittu þau til reiði, liður d.


Mynd 2.2. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi...

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


a) Verið vondur við þig eða lagt þig í einelti á netinu, í símanum eða tölvuleikjum?




b) Skrifað ljót komment til þín á netinu, í tölvuleik eða á samfélagsmiðlum?




c) Hótað þér á netinu, í símanum eða í tölvuleikjum?



d) Birt myndir af þér sem þér leiddist eða reitti þig til reiði?



e) Útilokað þig frá hóp á netinu eða ekki leyft þér að taka þátt?



Strákar Stelpur


Í þremur af fimm spurningaliðum (a, b og c) í öllum aldurshópum voru fleiri strákar en stelpur sem höfðu upplifað oft eða stundum að vera áreitt á netinu, í símanum eða tölvuleikjum.

Tæplega þrír af hverjum tíu strákum í framhaldsskóla höfðu fengið ljót komment á netinu, tölvuleik eða samfélagsmiðlum, liður b. Tveir af hverjum tíu strákum höfðu fengið hótanir á netinu, tölvuleikjum eða samfélagsmiðlum, liður c. Tilfellum þar sem strákar fengu hótanir eða ljót komment á netinu fjölgaði með aldri í þessum tveimur spurningaliðum. Á unglinga- og framhaldsskólastigi voru stelpur aðeins fleiri en strákar sem höfðu upplifað myndbirtingu af sér á netinu sem þeim leiddist eða reitti þær til reiði, liður d.

Á mynd 2.3 sést að nærri helmingur þátttakenda sem höfðu upplifað neikvæða myndbirtingu höfðu beðið þann sem setti inn myndina að eyða henni, en 26 - 30% þolenda gerðu hins vegar ekkert. Í yngsta hópnum voru 16% sem sögðu einhverjum fullorðnum frá birtingunni en þeim fækkaði með hækkandi aldri, nánar mynd 2.3.


Mynd 2.3. Hvað gerðir þú síðast þegar einhver birti mynd af þér sem þér leiddist eða reitti þig til reiði?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður fyrir þá sem höfðu upplifað leiðinlega myndbirtingu eftir skólastigum.



Mynd 2.4. Hvernig brástu við síðast þegar einhver setti inn leiðinlegt komment um þig á netinu, í tölvuleik eða á samfélagsmiðlum?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður fyrir þá sem höfðu fengið leiðinleg komment eftir skólastigum.



Flestir þátttakendur gerðu ekkert þegar einhver setti leiðinlegt komment um þá í tölvuleik eða á netinu, mynd 2.4. Næst algengast að hafa gert eitthvað annað, sem fylgt var eftir með opnum reit og beðið um skýringu. Samantekið var algengast að segjast hafa hlegið, verið sama, skrifað eitthvað ljótt til baka, rifist við eða lamið þann sem setti inn kommentið. Þriðji algengasti valmöguleikinn hjá svarendum var að segjast hafa eytt kommentinu.




Talaði við þá og við urðum vinir

KYNFERÐISLEG KOMMENT Á NETINU

Þátttakendur í 7. - 10. bekk og í framhaldsskóla fengu spurningar um kynferðisleg komment á netinu. Til að nálgast sameiginlegan skilning þátttakenda á spurningunum var orðið „komment“ notað frekar en „athugasemd“.

Mynd 2.5. Hefur þú undanfarið ár fengið kynferðislegt komment á netinu?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Samantekið fjölgaði þeim sem fengu kynferðisleg komment með hækkandi aldri eins og sjá má á mynd 2.5. Tilfellum fjölgar mikið hjá stelpum frá unglingdeild til framhaldsskóla, mynd 2.6. Í framhaldsskóla hafa næstum fjórar af hverjum tíu stelpum (36%) fengið kynferðisleg komment á netinu.


Mynd 2.6. Hefur þú undanfarið ár fengið kynferðislegt komment á netinu?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 2.7. Hver hefur sent þér kynferðislegt komment?

Fjölvalsspurning. Aðeins þeir sem höfðu fengið kynferðisleg komment á unglinga- og framhaldsskólastigi fengu spurninguna. Niðurstöður flokkaðar eftir kyni og skólastigi.



Flestir þátttakendur höfðu fengið kynferðislegu kommentin frá ókunnugum einstaklingi á netinu, mynd 2.7. Tæplega 60% stelpnanna sem höfðu fengið kynferðisleg komment í 8. - 10. bekk höfðu fengið þau frá ókunnugum. Í framhaldsskóla voru um 75% sem höfðu fengið kommentin frá ókunnugum.

Þriðjungur stráka í 8. – 10. bekk sem fengið höfðu kynferðisleg komment höfðu fengið þau frá öðrum strákum (29%). En meðal stráka í framhaldsskóla sem fengið höfðu kynferðisleg komment komu flest kommentin frá vinum sem voru stelpur (51%).

Mynd 2.8. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvernig upplifðir þú það?


Fjölvalsspurning. Aðeins þeir sem höfðu fengið kynferðisleg komment. 7. bekkur fékk ekki þessa spurningu. Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum.



Um helmingur þátttakenda sem höfðu fengið kynferðisleg komment var alveg sama um kommentin (47 - 53%), sjá mynd 2.8. Hins vegar voru fjórar af hverjum tíu stelpum í framhaldsskóla sem höfðu fengið slík komment sem fannst þau viðbjóðsleg. Strákar voru líklegri en stelpur til að líka kommentin og finnast þau spennandi.

Mynd 2.9. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvað gerðir þú?

Fjölvalsspurning. Aðeins þeir sem höfðu fengið kynferðisleg komment. Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum.



Þegar þátttakendur sem fengið höfðu kynferðisleg komment voru spurðir hvernig þeir hefðu brugðist við kommentunum var algengasta svarið að hafa ekki gert neitt sérstakt. Í 8. - 10. bekk var hlutfall stelpna örlítið hærra en stráka sem gerðu ekkert sérstakt en í framhaldsskóla voru strákar aðeins fleiri.


Stelpur voru tvöfalt líklegri en strákar á báðum skólastigum til að hafa blokkerað sendandann. Einnig voru stelpur líklegri en strákar til að segja systkinum eða vinum frá kommentinu. Nánar má sjá um viðbrögð við kynferðislegum kommentum á mynd 2.9.

DEILING NEKTARMYND A NETINU

Þátttakendur í 8.-10. bekk grunnskóla og 18 ára og yngri nemendur í framhaldsskóla voru spurðir nokkurra spurninga um deilingu nektarmynda.

Mynd 2.10. Hefur þér verið send nektarmynd (til dæmis typpamynd)?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Tveir af hverjum tíu þátttakendum í 8. - 10. bekk og um helmingur á framhaldsskólastigi höfðu fengið sendar nektarmyndir, mynd 2.10. Á framhaldsskólastigi eru stelpur helmingi líklegri til að hafa fengið senda nektarmynd en strákar, mynd 2.11. Á unglingastigi eru stelpur einnig líklegri til að hafa fengið slíkar myndsendingar (24%), en hlutfall stráka er nokkuð lægra (16%).


Mynd 2.11. Hlutfall sem hefur fengið senda nektarmynd.

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 2.12. Hver hefur sent þér nektarmyndir?

Fjölvalsspurning. Aðeins þeir sem höfðu fengið sendar nektarmyndir. Niðurstöður flokkaðar eftir kyni og skólastigum.




Rúmlega 70% þeirra stelpna sem höfðu fengið nektarmyndir sendar höfðu mótttekið þær frá ókunnugri manneskju á netinu, mynd 2.12. Hlutfall stráka sem höfðu fengið myndirnar frá ókunnugum var mun lægra eða 34% á unglingastigi og 24% á framhaldsskólastigi.

Um 40% stráka í framhaldsskóla sem mótttekið höfðu nektarmyndir höfðu fengið myndirnar frá kærustu/kærasta eða frá vini sem var stelpa (51%).

Mynd 2.13. Hefur einhver beðið þig um nektarmynd af þér?

Niðurstöður flokkaðar fyrir stráka og stelpur eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Allir þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi fengu spurningu um hvort þeir hafi verið beðin um nektarmynd. Stelpur (68%) í framhaldsskóla voru u.þ.b. þrefalt líklegri en strákar (22%) til að fá slíka beiðni.

Um 70% stelpna á báðum skólastigum sem höfðu fengið beiðni um nektarmynd fengu beiðnina frá ókunnugum aðilum á netinu. Hjá strákum var hlutfallið um 30%. Á báðum skólastigum voru hlutfallslega fleiri strákar en stelpur sem fengið höfðu beiðni um nektarmynd frá kærustu eða kærasta. Nánar má sjá um niðurstöðurnar fyrir stráka og stelpur á mynd 2.14.


Mynd 2.14. Hver hefur beðið þig um nektarmynd af þér?

Niðurstöður stráka og stelpna flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 2.15. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd af þér undanfarið ár?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Allir þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru spurðir hvort þeir hefðu sent eða deilt nektarmynd af sér undanfarið ár. Hlutfallið var nokkru hærra sem hafði deilt slíkum myndum á framhaldsskólastigi, sérstaklega meðal stelpna.

Á mynd 2.16 má sjá að hlutfall þátttakenda sem hafa þegið greiðslur eða gjöf fyrir að senda af sér nektarmynd er lágt. Í 8. - 10. bekk sagðist innan við 1% hafa þegið endurgjald fyrir myndsendinguna. Í framhaldsskóla var hlutfallið meðal stráka 1,1% og stelpna 1,4%. Athugið að hlutfallið er mjög lágt og því getur möguleg grínsvörun haft töluverð áhrif á niðurstöðuna.


Mynd 2.16. Hefur þú einhvern tíma fengið borgað fyrir að deila eða senda nektarmynd af þér?

Niðurstöður stráka og stelpna flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur af heildarfjölda þátttakenda.



Mynd 2.17. Hefur þú sent eða deilt nektarmynd eða nektarmyndbandi af öðrum en þér undanfarið ár?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Allir þátttakendur á ungingla- og framhaldsskólastigi voru spurðir hvort þeir hefðu sent eða deilt nektarmynd af öðrum en sér undanfarið ár. Um 2% þátttakenda á unginglastigi sögðust hafa sent þannig mynd og 1% framhaldsskólanema.

